

Minnisblað

Dreifing
Páll V. Bjarnason

14.11.16

Tíðni

Garðatorg

Bílastæði

16390

Höfundur

SJ

Yfirfarið/Samþykkt

SÓ/SJ

1 Inngangur

Að ósk Páls V. Bjarnasonar hefur VSÓ skoðað núverandi aðstæður bílastæða við Garðatorg s.s. skýrleika og notkun og í framhaldi af því komið með tillögum að útbótum.

2 Vettvangsferð og núverandi aðstæður

Á Garðatorgi eru bílastæði á 1.hæð (ofanjarðar) og í bílastæðihúsi. Á 1.hæð eru merkingar um að leyfilegt sé að leggja í 15 mínútur. Á 1.hæð eru tvær inn- og útkeyrslur, önnur frá Bæjarbraut og hin frá Víðisstaðavegi. Í bílastæðihúsi eru inn- og útkeyrslur einnig tvær, önnur frá Víðisstaðavegi (einungis hægt að nýta þegar ekið er til vesturs) og hin frá Hrísmóa, að auki er innkeyrsla frá Bæjarbraut. Erfitt er fyrir nýja notendur að sjá að bílastæðihúsið sem er bjart og einfalt sé í boði yfirhöfuð og auk þess er ekki auðvelt að færa sig á milli hæða, hvorki upp né niður.

Farið var í vettvangsferð á Garðatorg þann 8/11 um kl 17. Var þá um 70% nýting á bílastæðum á svæðinu. Samkvæmt deiliskipulagi á ennþá eftir að byggja húsnæði við Garðatorgi 6 og því ástæða til að tryggja gott aðgengi og skýrleika á bílastæðunum. Ökutækjum var lagt fyrir framan Hönnunarsafn Íslands enda ekkert þar sem gefur til kynna annað en að það sé leyfilegt. Ef vilji er fyrir því að hindra það er mögulegt að setja bannmerki B21.11 um að bannað sé að leggja ökutæki eða mála gula brotna línu. Í vettvangsferð voru tvö númerslaus ökutæki og ein kerra í bílastæðihúsi, að sögn Reginn hefur talsvert verið um kvartanir varðandi slíkt.

3 Tillögur að útbótum

Talið er að rauntímaupplýsingar um fjölda lausra stæða á 1.hæð og í bílastæðihúsi áður en komið er inn á bílastæðið myndu hjálpa mikið. Þá væri ökumanni strax ljóst hvar og hvort bílastæði séu laus og einnig að bílastæðahús sé í boði. Ódýrari og einfaldari lausn en að sama skapi líklega ekki jafn skilvirkt væri að setja upp skilti áður en komið er inn á bílastæðið með upplýsingum um fjölda stæða á 1.hæð og í bílastæðihúsi.

Til að koma í veg fyrir að ökutæki og kerrur séu skildar eftir til langs tíma í bílastæðihúsi mætti setja skilti við innkomu í bílastæðahús um að ekki sé leyfilegt að leggja lengur þar en í 24 klst. Hafa eigendur þá rétt á að láta fjarlægja bíl eða tæki séu geymd þar í leyfisleysi.

Merkingar um að leyfilegt sé að leggja í 15 mínútur eru taldar sé örökréttar og yti jafnvel undir að ekki sé borin virðing fyrir merkingum. Veitingahús, safn og verslanir eru á svæðinu og því lagt til að breyta merkingum í 90 mínútur.

8
s
/
I

Garðatorg
Bílastæði

Minnisblað

Gámar og byggingarsvæði eru við Garðatorg 6 sem ná út á bílstæðið. Eitt hvað er um að verktakar og aðrir tengdir þeim framkvæmdum séu að leggja í stæðum á 1.hæð, jafnvel á því svæði sem virðist vera vinsælast, og nýta þau sem langtímastæði. Lagt er til að þeir leggi í kjallara á meðan framkvæmdir eru, hægt væri að gefa þeim tilmæli um að leggja ekki í stæðum næst gönguleiðum.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026